

## Námsval - Smiðjur

### Handmennt – Prjón og hekl

Nemendur próna og/eða hekla hreingerningarklúta, þvottastykki og borðklúta.

### Leiklist/Spuni

Í leiklistinni er hugmyndaauðgi og sköpunargleði nemenda eflað. Nemendur læra ákveðnar leiðir í tengslum við samvinnu, tjáningu, framsögn og framkomu.

### Teikning/málun

Farið er í grunnþætti í teikningu, málun og myndbyggingu. Byggt er á fyrri þekkingu nemendanna.

### Skák/spilasmiðja

Nemendur fá að kynna skákípróttinn. Farið er í grunnatriðin í skákinni. Þetta er val fyrir byrjendur jafnt sem eru lengra komnir. Einnig verða kennd ýmis gömul og góð spil s.s. brús, kani, manni og vist.

### Tónlistarsmiðja

Boðið verður upp á smiðju fyrir nemendur með áhuga á tónlist. Markmið smiðjunnar er að nemendur kynni þeim fjölmörgu möguleikum sem tónlist og hljóðfæri bjóða upp á til listsköpunar. Gert er ráð fyrir að nemendur með og án reynslu af hljóðfæraleik og tónlistarnámi læri vinna saman, spila og syngja.

### Íþróttasmiðjur

Nemendur geta valið um hinar ýmsu íþróttir. Fjölbreytt verkefni eru í boði þar sem farið er í undirstöðuatriði í golfi, líkamsrækt, jóga, dansi, útihreyfingu og boltaíþróttum.

### Skartgripagerð

Nemendur læra að nota mismunandi efni til að búa til hluti í skartgripagerð. Búa til perlur úr pappír, ull, leir, leðri o.fl. Búa síðan til skartgripi og lyklakippur.

### Smíði

Nemendur fá að kynna vinnuferlinu frá hönnun til lokaafurðar. Í smíði vinna nemendur verkefni sem kennari leggur fyrir, ýmist verður unnið með tré eða málma og kennt að tálga.

### Skyndihjálp

Farið verður í grunnatriði skyndihjálpar m.a. meðferð við bruna, minni og stærri sára og hvernig bregðast á við í neyð, ekki í boði skólaárið 2018-19.

### Handmennt – þæfing

Nemendur læra að þæfa með mismunandi aðferðum. Þæfa litla mynd eða lítinn hlut.

## **Myndmennt – tauprykk**

Kennd verða undirstöðuatriði í tauprykki og nemendur hanna og útfæra myndverk sem hægt verður að þrykkja á (gamla) boli sem nemendur koma með að heiman.

## **Gamalt verður nýtt**

Nemendur læra að breyta t.d. eigin fötum svo þau fái nýtt notagildi. Einnig læra nemendur að gera upp gamlan húsbúnað þannig að hann fái notagildi á ný. Verður ekki kennt skólaárið 2018-19.

## **Árshátíð**

Nemendur semja, undirbúa og æfa atriði undir leiðsögn kennara sem flutt verður á árshátíð skólans.

## **Jólafondur**

Í þessari smíðju verður boðið upp á jólafondur í aðdraganda jóla. Allir munu vinna ákveðin verkefni en einnig býðst nemendum að fönndra að eigin vali.

## **Upplýsingatækni**

Boðið verður upp á þrjár smíðjur yfir veturinn. Nemendur vinna að stuttmyndagerð, skrifa handrit, taka upp, klippa og hljóðvinna. Í ljósmyndun læra nemendur grunnatriði í ljósmyndun og myndvinnslu í gegnum myndvinnsluforrit. Heimasíðugerð verður kennd og þar læra nemendur á forrit til heimasíðurgerðar og hanna eigin heimasíður.

## **Leirmótun**

Nemendur fá að kynnst undirstöðuatriðum í keramikvinnslu, móta einfalda hluti í þar til gerðan leir, kynnst litablöndun og að lokum verður hlutirnir brenndir í leiðrofni.

## Fast val

### Heimilisfræði

Í boði verða eftirtalin námskeið:

- Matargerð frá ýmsum löndum allt eftir áhuga hópsins t.d ítalskt, austurlenskt, pólskt eða mexíkóskt.
- Kókur og tertugerð,
- Bókur, súpur og salatgerð.

Hugmyndir að viðfangsefnum eru í samvinnu við nemendur.

### Upplýsingatækni

Unnið verður í tölvuveri skólans og/eða spjaldtölvum. Helstu verkefni eru vefsíðugerð, grunnþættir ljósmyndunar og myndvinnslu, grunnatriði forritunar ásamt verkefnum í ritvinnslu og töflureikni. Nemendur læra að nýta sér ýmis verkfæri til að miðla efni á skapandi hátt.

### Hugmyndaaval og sköpun

Nemendur vinna að eigin hugmyndum og er lögð áhersla á sjálfstæði í vinnubrögðum og hugmyndaauðgi. Í þessu vali eiga nemendur að gera þrjú skylduverkefni. Finna hugmynd af einhverju matarkyns sem takmarkast við tvær eldavélahellur og frystikistu. Vinna verkefni með endurvinnslu að leiðarljósi. Finna hugmynd af einhverju sem nemandi hefur ekki prófað að gera áður.

### Smíði

Nemendur vinna hluti í samvinnu við kennara og eftir eigin áhuga. Þeir fá að kynna flóknari vinnu í smíði allt frá hönnun til lokaafurðar. Í smíði verður ýmist unnið með tré og/eða málma.

### Myndlist málun/teikning

Byggt er á grunn sem nemendur hafa nú þegar öðlast. Farið verður í skissugerð og undirbúning að listaverki.

### Bútasaurur

Nemendur nýta þekkingu sína á saumavél og læra grunn í bútasauri. Sauma púða eða milliverk í bögguset.

### Prjón

Nemendur læra að próna á 5 prjóna. Prjóna vettlinga eða sokka.

### Hekl

Nemendur læra mismunandi aðferðir í hekli. Hekla púða, tösku eða hulstur utan um Ipad eða síma.

## Tíska – Hönnun

Farið verður í undirstöðuatriði í fatahönnun og vélsaumi. Nemendur læra m.a. að taka snið og sauma einfaldar flíkur.

## Jóga

Farið verður í undirstöðuatriði í jóga. Nemendur kynnast líkamsstöðum, líkamsbeitingu, öndunaræfingum og slökun.

## Dans

Kenndir verða almennir samkvæmisdansar og nokkrir af gömlu dönsunum. Haldið verður áfram að byggja upp á þeim grunni sem nemendur hafa lært og bætt inn fleiri dönsum og sporum. Semjum „Freestyle“ dansa þar sem dansað er við vinsælustu tónlistina.

## Íþróttaval – líkamsrækt/boltaíþróttir í sal

Nemendur eru í hinum ýmsu íþróttum í íþróttahúsi. Fjölbreytt verkefni verða í samráði við nemendur. Nemendur læra samhliða verklegum æfingum að bera ábyrgð á eigin heilsu, bæti líkamlega getu í þoli, styrk og liðleika. Kynnist ólíkum íþróttagreinum og hafi gaman af því að hreyfa sig.

## Blak

Farið verður í grunntækni blaks. Nemendur fá alhliða blakþjálfun, kynningu á helstu atriðum leikskipulags og leikreglur. Ýmsar verklegar æfingar verða sem sýna hvernig nýta má blak til líkamsræktar og sér til ánægju.

## Saga knattspyrnunnar

Fjallað er um sögu knattspyrnunnar á fjölbreyttan hátt. Áhugi nemenda mun að einhverju leyti ráða efnisvali.

## Kofasmíði

Unnið verður að því að smíða kofa, t.d. hæsnakofa, litla eða stóra kofa sem hægt er að selja á kostnaðarverði, ekki í boði skólaárið 2018-19.

## Litli iðnaðarmaðurinn

Nemendur kynnast því hvernig á að mála vegg, ganga frá rafmagni o.fl. sem hver og einn þarf að geta bjargað sér um á heimilinu, ekki í boði skólaárið 2018-19.

## Útivist og skíðaganga

Nemendur fara í gönguskíðaferðir, utan hefðbundins skólatíma, og kynnast og læra að ganga á skíðum. Mögulega verður farin ein lengri ferð.

## Fluguhnýtingar og veiði

Nemendur læra undirstöðuatriði í fluguhnýtingum og fá að gera sína eigin flugur. Stefnt er að því að veiða í Hrísatjörn eða Svarfaðardalsá. Nemendur að læra um stangveiði og fluguköstin verða æfð í íþróttasal.

## Hugarfrelsi – innri ró

Tekið er á fimm þáttum. Sjálfsstyrking, öndun, jóga, slökun og hugleiðsla. Það að læra þessa þætti og kunna að nota þá bætir bæði andlega og líkamlega líðan nemenda. Einbeiting eflist, sjálfsmynd batnar og nemendur finna smám saman hugarró og innri frið. Þessar aðferðir er gott að kunna og geta síðan nýtt sér þær í annað í daglegu lífi, svo sem íþróttir, heimavinnu, próftöku og aðrar aðstæður sem nemendum finnst hugsanlega erfitt að takast á við.

Þetta er ekki valfag til að koma í og sofa!

## Upplýsingatækni/töflureiknir

Nemendur kynnast notkunarmöguleikum töflureiknis, excel, og læra að nýta sér hann t.d. við gerð skoðanakannana

## Tómstundaval

Þátttaka í félagsstarfi, tónlistarnámi eða æfingum íþróttafélaga. Þeir nemendur sem stunda reglulega fundi, æfingar eða annað starf með félagasamtökum í sveitarfélaginu, tónlistarnám eða æfingar/ástundun íþróttar geta fengið það metið sem ígildi valgreinar. Auk þessa stefnir Leikfélag Dalvíkur á að setja upp leiksýningu með unglingum næsta haust sem metið verður sem valgrein. Ástundunin þarf að vera vottuð af þjálfara, tónlistarkennara eða forsvarsmanni félagsstarfs. Hætti nemandi í slíku starfi á skólaárinu fer hann inn í valgrein að vali stjórnenda skólans.